

einn af stofnendum sjóðsins, meðan þeir lifa, hvort heldur er karl eða kona, síð- **80**
 an einhver karl eða kona af afkomendum þeirra. Þann mann eða konu tilnefni 15. apríl
 yfirlæknir og biskup í sameiningu. Ef ættin verður aldaða eða í mikilli fjar-
 lægð, þá kjósi yfirlæknir og biskup einhvern hinn þriðja.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum. Á skipulags-
 skrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 18. marz 1911.

*G. Zoëga. Helga Zoëga. Halldór Jónsson. Kristín Hermannsdóttir,
 Sigurjón Jónsson.*

Reglugjörð

81
 20. maí.

um breytingar á reglugjörð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um fjallskil, eyðing refa o. fl. frá 4. júlí 1899.

1. 5. gr. orðist þannig:

Markaskrá fyrir sýsluna skal endurprenta eigi sjaldnar en fimta hvert
 ár. Sýslunefndin skipar fyrir um undirbúning og samning á markaskránni,
 og lætur prenta hana. Skyld er hverjum markeiganda að greiða 25 auru
 fyrir hvert mark, er hann lætur prenta. Hrökkvi það gjald eigi fyrir prent-
 unarkostnaði, greiðist það, er til vantar, úr sýslusjóði. Ennfremur er hver-
 jum markeiganda skyld að láta prenta mörk sín, þegar markaskrá er prentuð.

2. Tvær síðustu málsgreinar 6. gr. falli burt.

3. 9. gr. orðist þannig:

Hver maður skal reka alt geldfé sitt til fjalla á vorin, í eigið land,
 ef til er, ella fái hann sér upprekstur hjá öðrum. Upprekstrargjald skal
 vera 6 aurar fyrir hverja kind, og 4 kr. fyrir hvert hross.

Gjalddagi á því er 31. okt. ár hvert.

81 4. 10. gr. breytist þannig, að orðin »á sinn kostnað« í fyrstu málsgrein falli
20. maí. burt. Aftan við greinina bætist:

Reynist krafa kæranda á rökum byggð, greiða báðir málsaðilar kostnaðinn; annars greiði kærandi hann allan.

5. 12. gr. orðist þannig:

Skylt er hverjum þeim manni, sem á 6 kindur á fjalli, að gjöra fjallskil fyrir fé sitt að tiltölu rétttri við aðra fjáreigendur í hreppnum, og enn fremur fyrir fé því, sem hann hefir tekið til uppreksturs úr öðrum hreppum.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, og nr. 36, 24. nóv. 1893, saðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1911.

Í stjórnarráði Íslands, 20. maí 1911.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Ágústs Guðmundssonar frá Mýrum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 22. maí 1911.

Skipulagsskráin er þannig:

82
22. maí.

Skipulagsskrá

fyrir „**Minning Guðmundar Ágústs Guðmundssonar frá Mýrum**“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minning Guðmundar Ágústs Guðmundssonar frá Mýrum« og er stofnaður með gjafabréfi Guðnýjar Guðmundsdóttur frá Mýrum, dags. 8. febrúar 1898.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands og vextir lagðir við höfuðstól, þangað til þeir nema 300 kr. Upp frá því á árlega að verja því af vöxtunum, sem umfram er 100 kr., til að styrkja karlmenn eða kvenmenn til náms á búaðarskóla, sjómannaskóla eða kvennaskóla.